


Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Látrabjarg voru lögð fram til kynningar í byrjun mars 2024 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar og heimasíðu Vesturbyggðar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 7. maí 2024. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá fimm aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



*Athugasemdir**Minjastofnun Íslands*

Minjastofnun lýsti yfir vilja sínum til að meta stöðu á ástandi minja á bjargbrún sbr. framsetta stefnu um að kanna skuli hvort ástæða sé til að beina umferð gangandi gesta frá fuglabýrgjum.

Minjastofnun hvatti til þess að minjar séu kynntar almenningi og settar í samhengi við búsetulag í kring. Á friðlandinu sé afar áhugaverð minjaheild sem tengist nýtingu náttúrulegra auðlinda í og við hafið sem mætti kynna gestum og gangandi.

Svör Umhverfisstofnunar

Samstarfshópur þakkar fyrir ábendingar Minjastofnunar og tekur undir ágæti þess að kynna minjar fyrir almenningi, Umhverfisstofnun er jákvæð fyrir frekara samstarfi um minjafraeðslu og aðgerðir í tengslum við umferð um fornminjar.

Pétur Jökull Jacobs - 06.04.2024

Pétur gerði athugasemd við það að ákvörðun um 3500 feta takmörkun á lágmarksflughæði yfir friðlandinu á varptíma væri óhófleg forræðishyggja og óljóst væri á hverju reglan byggði.

Samstarfshópur bendir á að samráðsferli við notendur loftrýmis hefur þegar átt sér stað og Samgöngustofa hefur samþykkt reglu um lágmarksflughæð yfir friðlandinu á viðkvæmasta tíma fuglanna sem þar eru. Í stuttu máli liggur eftirfarandi til grundvallar reglusetningunni:

Fyrir liggja niðurstöður fuglarannsóknna um að flug geti haft truflandi áhrif á fugla í björgum en þar sem vísindalegri þekkingu sleppir verður að líta til varúðarreglu náttúruverndarlaga. Takmarkandi reglur um lágflug gilda víða á lífríkisverndarsvæðum í bæði Evrópu og N-Ameríku svo sem finna má stað í flugmálahandbókum og eitt fordæmi er til staðar hér á landi, í Þjórsárverum. Látrabjarg er skilgreint alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og þar verpa tegundir sem eru á válistum og tegundir sem eru flokkaðar sem ábyrgðartegundir Íslendinga. Vernd búsvæða og aðstæðna fuglastofnanna sem nýta Látrabjarg er í samræmi við stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Ítarlega greinargerð, bréf, umsagnir og fundargerð er varða setningu reglu um takmörkun á lágmarksflughæð yfir friðlandinu á ákveðnu tímabili árlega má finna á eftirfarandi hlekk:

<https://ust.is/nattura/stjornunar-og-verndaraaetlanir/stjornunar-og-verndaraaetlanir-i-vinnslu/latrabjarg/gogn-i-tengslum-vid-vinnu-a-utfaerslu-serreglu-um-takmorkun-flugs-vid-latrabjarg/>

Náttúrufræðistofnun Íslands

1. Náttúrufræðistofnun benti á að OSPAR sé ekki á lista yfir alþjóðlegar skuldbindingar í áætluninni og telur að ástæða sé til að geta þess samnings.
2. Náttúrufræðistofnun benti á að í kafla um um flug séu undantekningar á reglunni um lágmarksflughæð ekki tíundaðar.
3. Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til uppfærðan texta um gróður og vistgerðir.
4. Náttúrufræðistofnun lagði til uppfærðan texta um jarðminjar.
5. Náttúrufræðistofnun benti á það gæti verið gott að bæta inn texta um refagreni úr lögum nr. 64/1994: *Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang.*
6. Náttúrufræðistofnun bendir á að það sé æskilegt að gestir fylgi stígum til að vernda hreiður og unga fugla sem verpa á jörðu niðri.

1. Samstarfshópur þakkar ábendinguna og OSPAR hefur verið bætt við upptalningu á alþjóðlegum samningum sem hafa gildi fyrir friðlandið.
2. Undantekningin var til staðar í sérreglu kaflanum, aftast í áætluninni en ekki í sjálfum kaflanum. Það hefur verið leiðrétt og lítur nú svona út: *Allt flug innan 3500 feta frá sjávarmáli innan friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 1.apríl– 31. ágúst. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annarra stofnana sem sinna lögbundum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.*
3. Samstarfshópur þakkar fyrir uppfærðan texta og hefur brugðist við og breytt í samræmi.
4. Samstarfshópur þakkar fyrir uppfærðan texta og hefur brugðist við og breytt í samræmi.
5. Samstarfshópur bendir á að í kafla um gæludýr kemur fram að óheimilt er að hafa gæludýr í friðlandinu frá 1. maí til 15. september og utan þess tíma skal hafa gæludýr í bandi og fjarlægja frá þeim úrgang, þá kemur einnig fram að þess skal gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki friðlandsins, skemmdum á náttúru og menningarminjum eða valdi gestum ónáði. Samstarfshópurinn telur að farið sé lengra en í lögum nr. 64/1994 og því óþarfi að taka þessa grein fyrir sérstaklega í áætluninni.

	<p>6. Samstarsfhópur þakkar ábendinguna og hefur brugðist við með því að bæta við umfjöllun um að gestir fylgi stígum.</p>
--	--



Gísli Már Gíslason

1. Gísli gerði athugasemd við orðalagið „einum mestu fuglabjörgum við Norður- Atlantshaf“ í kafla um verndargildi og benti á að ekki ætti að draga úr mikilvægi svæðisins með þeim varnagla enda væru stofnstærðir fugla í Látrabjargi mun stærri en í öðrum björgum í N-Atlantshafi.
2. Varðandi *kafla um loftslagsþátt* benti Gísli á að ekki megi gleyma því að stærsta vistkerfisþjónusta Látrabjargs sé fæða manna, þ.e. egg og fugl til matar. Núna séu einungis tínd egg. Einnig séu handfæraveiðar undir bjarginu, sem eru innan friðlýsta svæðisins.
3. Í *kafla um byggingar* benti Gísli á að nefna ætti hús nálægt vita vélarhús en ekki áhaldahús.
4. Í *kafla um dýralíf* gerði Gísli athugasemd við að í áætluninni sé lítið skrifað um smádýralíf. Hann bendir á að í Árbók FÍ 2020 segi: Í hverjum 10x10 km reit, sem Náttúrufræðistofnun hefur gert, hafa verið skráðar að meðaltali 27 tegundir (1-52) sem verður að teljast lítið miðað við að um 2000 tegundir landliðdýra (þar af 1600 tegundir skordýra) eru á Íslandi) skrár sem Erling Ólafsson á Náttúrufræðistofnun hefur unnið. Hér er aðallega um tvívængjur og bjöllur að ræða sem eru á þurrlendi. Í deigu grasi eru galdraflugur áberandi en þær þekkjast vel því að þegar þær fljúga lafa útlímirnir niður, rauðir á litinn. Einnig er lundalús í brún Látrabjargs og svo niðri í Látrabjargi þar sem bjargfuglar eru.

1. Samstarfshópur hefur brugðist við athugasemdinni og Látrabjarg er nú ávarpað sem stærsta fuglabjarg í Evrópu í samræmi við upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands.
2. Fjallað er um verðmætasköpun náttúru í kaflanum og telur samstarfshópur að sú umfjöllun nái yfir vistkerfajónustu á borð við fæðu manna. Samstarfshópur bendir þó á að eggjataka í Látrabjargi hefur ekki sama gildi og forðum hvað varðar mikilvægi fæðunytja. Enn fremur er bæði handfæraveiðum og eggjanytjum helgaður sinn hvor kaflinn í áætluninni.
3. Samstarfshópur þakkar ábendinguna og orðalagi hefur verið breytt í samræmi.
4. Samstarfshópur bendir á að Árbók FÍ 2020 var nýtt sem heimild í áætluninni en brugðist hefur verið við athugasemdinni með því að bæta við umfjöllun í samræmi.
5. Á vistgerðakortum Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að sjávarfitjar, um 0,20 ha að stærð sé að finna innan friðlandsins en Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til uppfærðan texta um gróður og vistgerðir og í honum er ekki fjallað um sjávarfitjar og leirur.
6. Samstarfshópur þakkar ábendinguna. Umfjöllun um vitann sem reistur var 1913 verður bætt í kaflann.

<p>5. Í kafla um gróður og vistgerðir benti Gísli á að fram komi að innan friðlandsins séu sjávarfitjar og leirur og hvort það sé raunin.</p> <p>6. Varðandi kafla um menningarminjar benti Gísli á að fyrri viti á Bjargtöngum hafi verið reistur 1913 og sé sá viti nú á Hvalfjarðareyri.</p>	
<p><i>Sigurður H. Valtýsson</i></p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Sigurður gerði athugasemd við orðalag á blaðsíðu 48 þar sem fram kemur að samráð skuli haft við fulltrúa ferðaþjónustunnar ef heimildir til tímabundinna lokana á gönguleiðum verða nýttar en að skv. upplýsingum sem veittar voru á samráðsfundi með landeigendum á vinnslutíma skuli haft samráð við landeigendur. 2. Sigurður benti á að í Barðstrendingabók sé ágæt heimild um lýsingu á Látrabjargi og bjargnytjum eftir Eyjólf Sveinsson á bls. 204. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Samstarfshópur hefur brugðist við athugasemd um samráð og breytt texta í samræmi. 2. Samstarfshópur þakkar ábendingu um Barðstrendingabók. Í áætluninni sjálfri var stuðst við lýsingar þeirra sem nú nytja bjargið til eggjatöku en frásögn Eyjólfssonar verður nýtt við gerð fræðsluefnis Umhverfisstofnunar fyrir friðlandið.